

## AUGLÝSING

### um afturköllun auglýsingar um breytt deiliskipulag í Reykjavíkurborg.

*Reitur 1.181.3, Lokastígsreitur 4 – Njarðargata 61.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 10. október 2024, afturköllun á auglýsingu nr. 664/2024 að því er varðar breytingu á deiliskipulagi reits 1.181.3, Lokastígsreits 4, vegna lóðarinnar nr. 61 við Njarðargötu, sem birtist í B-deild Stjórnartíðinda 3. júní 2024.

Hér með tilkynnist að auglýsing nr. 664/2024 um ofangreinda breytingu á deiliskipulagi er afturkölluð og deiliskipulagið fellur þegar úr gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 11. október 2024.*

**Björn Axelsson.**

B-deild – Útgáfudagur: 11. október 2024